

1859. maí 1754 6. gr., viðvíkjandi þóknun til erindsreka eða milli-
27. maí. göngumanns, skal, ásamt hegningu þeirri, er við lá ef út af var brotið, vera úr lögum numin.

Eptir þessu eiga allir hlutadeigendur sèr þegnlega að hegða.

27. maí. **15. Opíð bréf um breyting á reglum þeim, er gilda á Íslandi viðvíkjandi auglýsingum í blöðunum í vissum tilfellum.**

Vèr Friðrik hinn Sjöundi o. s. frv., gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis, um að gjöra gildandi á Íslandi lög 22. febrúar 1855 viðvíkjandi auglýsingum þeim, sem í vissum tilfellum áður voru lögboðnar í blöðum „Adressekontoirsins”, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

Auglýsingar þær, sem eptir reglum þeim, er hingað til hafa verið í gildi á Íslandi, áttu, til þess þær gæti álitizt nægilega birtar, að takast inn í Berlingatíðindi og í blöð „Adressekontoirsins” eða í dagblað stiptisins, skulu hèreptir álitast þannig kunngjörðar, ef þær hafa verið birtar í hinum fyrstnefndu tíðindum og í einhverju blaði, sem kemur út í Reykjavík og nákvæmar verður tiltekið af dómsmálastjórnarherranum.

Eptir þessu eiga allir hlutadeigendur sèr þegnlega að hegða.

27. maí. **16. Opíð bréf, er lögleiðir á Íslandi lög 13. september 1855, sem leyfa dönskum skipurum að ráða útlenda menn á skip sín.**

Vèr Friðrik hinn Sjöundi o. s. frv., gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis, um að gjöra gildandi á Íslandi lög 13. september 1855, sem leyfa dönskum skipurum að ráða útlenda menn á skip sín, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið: